



Hjólastóll

Cross

Notendaleiðbeiningar

Trönuhrauni 8
220 Hafnarfjörður
Sími 565 2885 / Fax 565 1423
stod@stod.is / www.stod.is

1 ALMENNT

Í þessari íslensku þýðingu er einungis að finna leiðbeiningar varðandi daglega notkun stólsins, einfaldar stillingar og lausnir á algengustu vandamálum.



Aðvaranir um hvað beri að varast við notkun hjólastólsins.



Sérstök ráð eða ábendingar.

Veltivörn er aftan á hjólastólnum og ef hún er rétt stillt hindrar hún að hann fari aftur fyrir sig. Við mælum með því að veltivörnin sé ávallt höfð á og rétt stillt, nema því aðeins að þú sért vanur hjólastólanotandi með gott vald á stólnum.

Cross er alhliða stóll til nota bæði utan húss og innan. Hann er prófaður og viðurkenndur samkvæmt ISO staðli 7176. Prófið er unnið af Handikappsinstitutet í Svíþjóð, Tüv í Þýskalandi og Tno í Hollandi

Setbreidd: Frá 35 til 50 cm

Setdýpt: Stuttur rammi 42 cm. Langur rammi 48 cm.

Stillanleg setdýpt: Stuttur rammi 42-48 cm. Langur rammi 48-54 cm.

Hámarks burðargeta: 125 kg

Endingartími: Hjólastóllinn mætir kröfum staðalsins: prEN 12183-84.

Etac telur að þetta próf svari til 5-6 ára endingar miðað við venjulega notkun á stólnum. Þetta þýðir að við teljum endingartíma stólsins vera fimm ár miðað við hefðbundna notkun eins og sama notandans. Endingartími hjólastóla fer fyrst og fremst eftir fötlun notandans og keyrslu/notkun stólsins. Þetta þýðir að einstaka notendur geta átt von á bæði styttri og lengri endingartíma en ofan er greint.

Cross I

Sethæð að aftan: stillanleg á milli 38-50 cm.

Bakhæð: stillanleg frá 30-45 cm.

Hæðarstillanleg ökuhandföng.

Hraðlosun á drifhjólum.

Verkfærasettið inniheldur:

5 sexkanta: 6, 5, 5, 4 og 3 mm

3 skrúflykla: 13, 10 og 8 mm

1 hulsulykil: 24/19 mm


1 stjörnuskrúfjárn

samanber bls 3 í bæklingi

2 MEÐHÖNDLUN OG FLUTNINGUR

2:1 Stólinn lagður saman


- Ef stóllinn er með bogahandfang eða þverslá skal það fjarlæggt fyrst.
- Lyftið fótplötum upp.
- Lyftið sæti upp, sjá mynd.



2:2 Stólinn opnaður

- Ýtið sætisrörum niður með lófanum, sjá mynd.


△ Haldið ekki um sætisrörin þegar stóllinn er opnaður vegna hættu á að klemma fingur.



2:3 Stólnum lyft

Hjólastóll án læsanlegra fótafjala:


- Lyftið fótplötunum upp og sveigið fótafjalirnar undir sætið eða fjarlægið þær.
- Lyftið með því að taka í keyrsluhandföng og í stólrámann að framan eins og örvarnar sýna.



Hjólastóll með læsanlegum fótafjöllum:

- Lyftið með því að taka í keyrsluhandföng og í fótafjalir eins og örvarnar sýna.

△ Gangið úr skugga um að hæðarstillanleg ökuhandföng séu föst áður en að stólnum er lyft.



2 MEÐHÖNDLUN OG FLUTNINGUR

2:4 Flutningur í bíl

Fólksbíll: Æskilegt er að hafa stólinn í farangursrými bílsins við flutning. Ef það er ekki mögulegt, fullvissið ykkur þá um að stóllinn sé vel skordaður, þannig að hann geti ekki runnið til eða oltið. Festið stólinn með öryggisbelti ef hægt er.




Hjólástólabíll: Notandinn skal sitja í bílsæti og hjólástóllinn örugglega skordaður þannig að hann geti ekki runnið til eða oltið.

Ef bíllinn er útbúinn með tilhlýðilegum festingum fyrir hjólástóla er óhætt fyrir notandann að sitja í stólnum ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Festingar fyrir þriggja punkta belti skulu vera aðgengilegar við hlið stólsins og einnig hnakkapúði. Stöðugleikabelti og hnakkapúði sem ef til vill hafa fylgt stólnum nægja ekki til að tryggja öryggi notandans við umferðaróhapp.

- Hjólástóllinn skal festur örugglega við gólf bílsins, festa skal í ramma stólsins ekki hjól hans. Boginn/hallinn á festingunum skal vera á milli 0° til 30°. Sjá mynd.

△ Beltið sem fylgir hjólástólnum er ekki nægilegt til að forða notandanum frá því að hendast úr stólnum við umferðaróhapp eða þegar bremsað er snögglega. Það getur því aldrei komið í stað öryggisbelta bílsins.




samanber bls.5 í bæklingi

13 STILLINGAR: BAK

13:5 Bakstuðningur

Með velcro-böndunum og áklæðinu er hægt að stilla bakið fyrir hvern og einn.

- Gefið áklæðinu gott rými á milli setu og baks stólsins, þannig að hægt sé að "setjast inn" í stólinn að bakinu.
- Losið um öll velcro-böndin þannig að notandinn sitji eins aftarlega í stólnum og hægt er.
- Herðið velcro-böndin þannig að þau fylgi útlínum baksins og veiti stuðning við mjóbakið.




△ Stóllinn getur farið aftur fyrir sig: Athugið alltaf stöðu veltivarna eftir að hafa stillt bak stólsins.

(!) Gætið þess að strekkja ekki velcro-böndin um of þar sem það getur leitt til óstöðugleika stólsins; t.d. að setrörin skorðist ekki rétt ofan á rammann.

13:6 Ökuhandföng, stillanleg

Ökuhandföngin eru stillanleg með 2 cm millibili.

- Losið hnúðinn (A) og þrýstið á plastskinnurnar. Stillið handfangið í rétta hæð.
- Gangið úr skugga um að handfangið sé læst í réttri stöðu. Herðið hnúðinn aftur.




△ Gangið úr skugga um að hnúðurinn sé fullhertur. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar stólnum er lyft með notandanum í.

13:7 Bogahandfang (aukahlutur)

Bogahandfangið er hægt að hæðarstillast og fjarlægja. Það er fest á sama stað og hæðarstillanlegu handföngin og stillt á sama hátt, sjá að ofan. Höfuðstuðningur má einnig festa við bogahandfangið.

△ Bogahandfangið verður að fjarlægja áður en stóllinn er lagður saman. Gangið úr skugga um að hnúðurinn sé fullhertur. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar stólnum er lyft með notandanum í.



14 STILLINGAR: FÓTAFJALIR


14:1 Fótafjalir

Fótafjalirnar er hægt að fjarlægja og þær má sveigja til hliðar eða undir sætið. Hægt er að velja um tvo mismunandi boga við hné þ.e. staðlaður bogi eða krappur bogi . Fótafjalir með kröppum boga fást einnig 8 cm styttri. Allar þrjár útgáfurnar er hægt að fá með lás. Einnig eru fáanlegar tvær gerðir af hæðarstillanlegum fótafjöllum með kálfastuðningi og einnig stúfpúði.

▲ Standið aldrei á fótafjöllum þar sem hættu er á að stóllinn spordreisist. Takið aldrei í fótafjalirnar þegar stólnum er lyft nema þær séu læsanlegar.

14:2 Staðlaðar fótafjalir eða með kröppum boga við hné

Þegar notaðar eru fótafjalir með kröppum boga eru fæturnir 5 cm nær sætinu en með stöðluðum fótafjöllum. Fótafjalir með kröppum boga er góður kostur til dæmis þegar sætisdypt er grunn, en þær er einungis hægt að nota með 5" framhjólum.




▲ Hjólastól með ólæsanlegum fótafjöllum lyft: Sveigið fótafjalirnar undir sætið eða fjarlægið þær og lyftið með því að halda í ramma stólsins (neðri eða efri hluta).

14:3 Læsanlegar fótafjalir (aukahlutur)

Cross stóllinn er fáanlegur með læsanlegum fótafjöllum. Þær er hægt að taka af og hægt er að sveigja þær til hliðar eða undir sætið.

- Til að fjarlægja fótafjalirnar, ýtið rauða hnappnum niður (A) og lyftið.
- Til að festa fótafjalirnar, ýtið rauða hnappnum niður (A), setið fótafjölinu í rétta stöðu (beint fram) og sleppið hnappnum. Fótafjalirnar er þá fastar (B).



▲ Hjólastól með ólæsanlegum fótafjöllum lyft: Sveigið fótafjalirnar undir sætið eða fjarlægið þær og lyftið með því að halda í ramma stólsins (neðri eða efri hluta).

14 STILLINGAR: FÓTAFJALIR

14:4 Hæðarstillanlegar fótafjalir (aukahlutur)

Til eru tvær gerðir hæðarstillanlegra fótafjala.

A. Með bólstruðum kálfastuðningi sem er stillanlegur í hæð, dýpt og hallastillanlegur. Kálfastuðninginn er einnig hægt að nota sem stuðning við hné.

(!) Leiðbeiningar um stillingar fylgja fótafjölinni.



B. Með uppfellanlegum kálfastuðningi úr plasti. Kálfastuðninginn er hægt að stilla í tveimur hæðum á fótafjölinni. Þessi gerð skal vera með fótplötuna vísandi fram (sjá mynd) og er ekki fánleg fyrir setbreidd undir 40 cm.



Áhöld: 5 mm sexkantur.



Standið aldrei á fótafjölnum þar sem hættu er á að stóllinn sporðreisist. Þegar stólnum er lyft skulu fótafjalirnar fjarlægðar og tekið í ramma stólsins (neðri eða efri part).



14:5 Stúffótafjöl (aukahlutur)

Stúffótafjölin má stilla í hæð, fram/aftur, til hliðar og halla. Hana má nota hvort sem er vinstra eða hægra megin.


- Halla og hliðarstilling: losið handfangið undir plötunni.
- Fram/aftur stilling: losið skrufurnar tvær undir plötunni.



Hæðarstilling: notið meðfylgjandi sexkant.
Áhöld: 4 mm sexkantur (meðfylgjandi).



Sitjið aldrei á stúffótafjölinni. Þegar stólnum er lyft, fjarlægið þá stúffótafjölinna en sveigið hina fótafjölinna undir stóllinn (eða fjarlægið) og lyftið með því að taka í ramma stólsins (neðri eða efri hluta).



samanber bls. 24 í bæklingi

14 STILLINGAR: FÓTAFJALIR

14:6 Hæð fótplötu


Cross er útfærður með upplyftanlegum fótplötum, stillanlegum í hæð, halla og dýpt.

Hæð Losið ró (A) alveg af boltanum. Ýtið boltanum út (B). Stillið plötuna í óskaða hæð, stingið boltanum aftur í og skrúfið róna á eins og hægt er.

Hámarks lengd: 51 cm. Lágmarks lengd: 33 cm.

- (!) Hægt er að fá 8 cm styttri rör í krappar fótafjalir. Hægt er að fá 10 cm lengri rör í staðlaðar fótafjalir.

△ Þegar stóllinn er notaður utandyra skulu fótplötur vera 4-5 cm ofar jörðu. Standið aldrei á fótplötunum þar sem hætta er á að stóllinn spordreisist.



14:7 Halli og dýpt á fótplötu


Fótplöturnar er hægt að stilla í halla og dýpt.

Halli Losið skrúfur (C) lauslega. Snúið fótplötunni þar til réttum halla er náð og festið skrúfurnar aftur.

 Áhöld: 5 mm sexkantur.

Dýpt Hliðar fótplötunnar eru mislangar. Með því að færa þær á milli fótafjalanna munu fótplöturnar ná lengra fram.

- (!) Ef dýptinni er breytt, þarf einnig að stilla hallann.



samanber bls. 25 í bæklingi

16 AUKAHLUTIR; UPPLÝSINGAR OG STILLIMÖGULEIKAR



Upplýsingar um stillingar fylgja alltaf aukahlutum þegar þeir eru afhentir frá Etac. Auk þess er hægt að fá upplýsingar síðar með því að hafa samband við umboðsaðila.

16:1 Sætispúði og flái

Sætispúðin afhendist 56 cm langur. Skerið annað hvort af fram- eða afturhluta púðans þannig að hann passi í lengdina. Gætið þess að púðinn liggi vel á milli bakröra stólsins, með ávölu hornin aftur þegar lengdin er mæld.

△ Púðinn er staðlaður og ekki ætlaður notendum með setsár.

Með sætispúðanum er fánlegur flái. Hann jafnar út framhluta setunnar og getur þannig bætt setstöðuna. Setjið fláan í innri vasa áklæðis setunnar, undir sætispúðann. Pílan á fláanum skal snúa upp og vísa fram.



16:2 Armar, losanlegir og hæðarstillanlegir

Losanlegir armar eru fánlegir í tveimur gerðum, stuttir og langir. Hægt er að hafa festingar armanna í tveimur mismunandi hæðum. Í stöðu 1 eru armarnir stillanlegir í hæð milli 19-26 cm og í stöðu 2 (staðlað) á milli 24-31 cm, með 1 cm millibili.


⌋ Áhöld: 10 mm lykill, 5 mm sexkantur.

Sömu festingar eru til þess að stilla hæð armsins og festa hliðarhlífina.

- Losið skráfur.
- Rennið hliðarhlífinni upp eða niður í óskaða stöðu.
- Festið skráfurnar aftur.

⌋ Áhöld 3 mm sexkantur.

△ Notið aldrei armana til að lyfta stólnum.




samanber bls.32 í bæklingi

16 AUKAHLUTIR; UPPLÝSINGAR OG STILLIMÖGULEIKAR

16:3 Bólstrun á arma

Bólstruðu áklæði er hægt að bæta á losanlegu armana eða panta með strax í upphafi. Þúðarnir eru dökkgráir og þá má þvo.

(!) Bólstrunin hækkar armana um 1,5-2 cm.



16:4 Armar, afturfellanlegir, hæðarstillanlegir

Afturfellanlega arma er hægt að fá hæðarstillanlega eða í fastri hæð. Þeir eru festir við ramma stólsins. Með því að ýta á rauðu stöngina (A) er hægt að losa þá og sveigja upp og aftur.

Armarnir eru hæðarstillanlegir á milli 22 - 30 cm með 1 cm millibili.

- Ýtið rauðu stönginni til hliðar og losið skrufurnar á armfestingunum.
- Rennið arminum upp eða niður í óskaða hæð.
- Festið skrufurnar aftur.




Áhöld: 3 mm sexkantur.



Notið aldrei armana til að lyfta stólnum.

(!) Afturfellanlega arma er ekki hægt að nota með 24" eða 22" eða 20" dekkjum í stöðu C. Ekki er hægt að nota hækjuhaldara ef þessir armar eru á stólnum.




16:5 Borð

Borðið er gert úr gegnsæu hardplasti og er með úrtaki þannig að það liggur í hálfhring um líkama notandans. Borðið fæst í mörgum stærðum sem svara til setbreidda stólanna. Það er fest með velcro-böndum við langa arma og er stillt í hæð samhliða þeim.



Borðið er ekki hægt að nota með uppfellanlegum örmum þar sem þeir eru aðeins fánlegir með stuttum armplötum.



16 AUKAHLUTIR; UPPLÝSINGAR OG STILLIMÖGULEIKAR

16:6 Veltivörn, stillingar

Veltivörn sem samanstendur af þremur hlutum:

- Festiröri sem er staðsett undir drifhjólafestingunum (sjá mynd).
- Veltivarnarröri sem smellt er inn í festingsrörið í hentuga lengd.
- Framlenging með öryggishjóli sem fest er í veltivarnarrörið með bolta/ró í óskadri hæð.

Til að geta keyrt yfir þröskulda og þykkar mottur mælum við með því að bilið frá öryggishjólunum niður á gólf sé 3-5 cm. Fyrir Cross með 20 eða 22" drifhjól staðsett í C-röð er hægt að fá sérstakar veltivarnir með styttri veltivarnarrörum.

Verkfæri: 4 mm sexkantur, 8 mm skrúflykill.



Eftir að hafa stillt sethæð, stöðugleika eða bakhalla, skal athuga hvort veltivörnin er rétt stillt.

Veltivörn sem samanstendur af tveimur hlutum:

- Festingsröri sem er staðsett undir drifhjólafestingunum (sjá mynd).
- Framlenging með öryggishjólum sem fest er í veltivarnarrörið með bolta/ró, í óskadri hæð.



Til að geta keyrt yfir þröskulda og þykkar mottur, mælum við með því að bilið frá öryggishjólunum niður á gólf sé 3-5 cm.

Verkfæri: 4 mm sexkantur, 8 mm skrúflykill.



Eftir að hafa stillt sethæð, stöðugleika eða bakhalla, skal athuga hvort veltivörnin sé rétt stillt.

Til að fella upp/setja niður veltivörnina, togið hana út og snúið (sjá mynd).




16:7 Mjadmabelti

Mjadmabeltið er í tveimur hlutum, það er stillanlegt í lengd og festist saman með smellulás. Það má festa við bakrörin eða í festingar rétt fyrir framan bakrörin, rétt ofan við hjólafestingarnar. Nánari skýringar fylgja beltinu.

(!) Gangið úr skugga um að notandinn renni ekki fram í sætinu þar sem það getur stöðvað blóðstreymi þar sem beltið þrengir að.



Beltið er einungis ætlað til að auka stöðugleika notandans í stólnum. Það má aldrei nota í stað öryggisbeltis í bílum.



16:8 Hliðarstuðningur

Hliðarstuðningur fæst í tveimur lengdum, 15 cm og 30 cm. Hann er festur í óskada hæð, með velcro á milli bakdúks og áklæðis. Hliðarstuðningar auka þægindi stólsins og stöðugleika bolsins.

samanber bls.34 í bæklingi



17 MEÐHÖNDLUN OG VIÐHALD

Áklæði

Áklæðið er gert úr tveggja laga polyester eða bómull. Áklæði setunnar er fest við setrörin og auðvelt er að losa það frá rammanum með því að skrúfa tappana lausa á röraendunum. Áklæði baksins er fjarlæggt með því að losa skrúfunar sem festar eru ofan á leðurhringina á hornunum.

Áklæði setu og baks má þvo við 40° C.

Drifhjól/framgaffla festingar

Dekk: Athugið þrýsting í dekkjunum (sjá hliðar þeirra) að minnsta kosti einu sinni í mánuði.

Teinar hjólanna: Lausir teinar geta orsakað óstöðugleika stólsins.

Hjólaöxlar: Gætið þess að hjólaöxlarnir séu lausir við óhreininndi.

Kúlulega: Þarfnast ekki viðhalds.

Drifhringir: Ef drifhringur skemmist þannig að hætta er á að hann skaði hendurnar skal honum skipt út.

Framgafflafestingar: Gætið þess að hallastilla þær rétt, þannig fæst best nýting. Athugið einnig að framgaffallinn sé fastur, sjá grein 12:4.

Bremsur

Virkni bremsanna er háð þrýstingi í drifhjólum. Óhreininndi geta einnig haft neikvæð áhrif á virkni þeirra. Athugið bremsurnar minnst einu sinni í mánuði. Ef þörf er á að stilla þær, sjá grein 12:10.

Prif á ramma

Nauðsynlegt er að halda stólnum hreinum bæði til að tryggja endingu hans og til þæginda fyrir notandann. Cross stólarnir eru útbúnir með frárennslisgötum sem tryggja að auðvelt er að þrifa þá. Þvoðu stólinn með bílasápu eða uppþvottalegi. Ef stóllinn er sérstaklega óhreinur er hægt að nota fituhreinsi á hann.

Viðgerðarlakk

Litlar flöskur með viðgerðarlakki til að lakka yfir rispúr eru fáanlegar í litum Cross stólanna.

Gallar/skemmdir

Ef stóllinn er gallaður skaltu strax hafa samband við umboðsaðila hans. Skemmdan stól skal ekki nota. Ef stóllinn þarfnast endurbóta eða viðhalds skal einungis nota Etac Cross varahluti eða fullkomlega sambærilega að gæðum. Etac getur ekki ábyrgt eyðileggingu eða skemmdir sem orsakast af notkun annara varahluta en frá framleiðanda.

13 MEÐHÖNDLUN OG VIÐHALÐ

LAUSNIR Á VANDAMÁLUM

Vandamál	Lausn
Hjólástóllinn heldur ekki réttri stefnu.	<ul style="list-style-type: none"> - Dæla þarf í dekkinn - Stilla þarf halla á framgafflafestingum - Framgafflafestingar eru ekki stilltar í sömu hæð - Festingar drifhjólanna eru ekki rétt festar - Notandinn dreifir ekki þunganum jafnt - Notandinn beitir meiri kraft, öðrum megin þegar hann ýtir stólnum
Það er "þungt" að keyra hjólástóllinn	<ul style="list-style-type: none"> - Dæla þarf í dekkinn - Festingar drifhjólanna er ekki rétt festar - Óhreinindi eru í festingum framhjólanna - Of mikil þyngd er á framhjólunum. Stilla þarf jafnvægispunkt stólsins
Það er "þungt" að ýta hjólástólnum	<ul style="list-style-type: none"> - Dæla þarf í dekkinn - Framhjólin eru of hert á festingunum - Stilla þarf halla á framgafflafestingum - Óhreinindi eru í festingum framhjólanna - Of mikil þyngd er á framhjólunum. Stilla þarf jafnvægispunkt stólsins
Bremsur virka ekki	<ul style="list-style-type: none"> - Dæla þarf í dekkinn - Stilla þarf bil á milli bremsu og hjóls
Drifhjól eru "laus"	<ul style="list-style-type: none"> - Öxulskaftið er ekki fyllilega í festingum - Öxulskaftið er ekki í réttri lengd
Erfitt er að losa drifhjól og setja aftur á	<ul style="list-style-type: none"> - Þrifa þarf og smyrja hraðlosunarbúnaðinn - Öxulskaftið er ekki í réttri lengd
Framhjól "rása/rugga"	<ul style="list-style-type: none"> - Framhjól eru ekki rétt fest - Framgafflafestingar eru ekki stilltar í sömu hæð - Stilla þarf halla á framgafflafestingum - Of mikil þyngd er á framhjólunum. Stilla þarf jafnvægispunkt stólsins
Erfitt er að leggja saman og opna hjólástóllinn	<ul style="list-style-type: none"> - Áklæðið er of strekkt - Þrifa þarf og smyrja kross-liðamótin undir sætinu
Hjólástóllinn virkar "klunnalegur"	<ul style="list-style-type: none"> - Dæla þarf í dekkinn - Athuga þarf hvort allar skrúfur, rær og boltar eru fyllilega fest

samanber bls. 39 í bæklingi